

Ed.

379. Nefndarálit

[151. mál]

um frv. til l. um geislavarnir.

Frá minni hl. heilbrigðis- og trygginganefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið á tveim fundum en vegna tímaskorts hefur ekki gefist tækifæri til að athuga málið sem skyldi.

Ekki hefur komið fram neinn rökstuðningur fyrir fjölgun ríkisstofnana með þeim hætti sem hér er gert ráð fyrir. Undirrituð telur að gæta þurfi aðhalds og sparnaðar í rekstri og uppbyggingu opinberra stofnana.

Ekkert hefur heldur komið fram sem bendir til annars en að hægt sé að sinna sem skyldi því eftirliti, sem Geislavörnum er ætlað að annast, hér eftir sem hingað til frá deild innan Hollustuverndar ríkisins eða annarrar ríkisstofnunar.

Alþingi ætti fremur að leita leiða til þess að sameina og fækka ríkisstofnunum en setja á fót nýjar án sýnilegs ávinnings.

Alþingi, 19. des. 1985.

Kolbrún Jónsdóttir.